



Starfsáætlun

Velferðarsviðs

2006



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Hlutverk Velferðarsviðs

Velferðarsvið fer með ábyrgð á velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar þ.m.t. barnavernd og félagsþjónustu fyrir alla aldurshópa. Í því felst stefnumótun í velferðarmálum, áætlanagerð, samhæfing og samþætting á sviði velferðarþjónustu, eftirlit og mat á árangri og þróun nýrra úrræða. Þjónustumiðstöðvar í hverfum borgarinnar sjá að mestu um framkvæmd þjónustunnar í samræmi við þjónustusamning Velferðarsviðs og Þjónustu- og rekstrarsviðs. Velferðarsvið sér þó um rekstur margs konar miðlægrar þjónustu, s.s. hjúkrunarheimila og sérhæfðra heimila fyrir börn og fullorðna. Ennfremur tilheyrir skrifstofa Barnaverndar Reykjavíkur Velferðarsviði. Þá ber Velferðarsvið ábyrgð á heildstæðu forvarnarstarfi innan Reykjavíkurborgar.

Velferðarsvið vinnur með þremur nefndum og sinnir málefnum þeirra: Velferðarráði, Barnaverndarnefnd Reykjavíkur og Forvarnanefnd Reykjavíkurborgar.

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Stefnukort Velferðarsviðs	5
Yfirlit yfir velgengnisþætti og markmið	6
Þjónusta	7
Fjármál	11
Verklag	13
Mannauður	16
Fjárhagsáætlun	17
Lykiltölur	18
Skorkort	21
Skilgreiningar á kjörorðum og velgengnisþáttum	23

Megináherslur 2006

Við stjórnkerfisbreytingar innan Reykjavíkurborgar á árinu 2005 tók nýtt Velferðarsvið við hlutverki Félagsþjónustunnar ásamt þjónustumiðstöðvum í hverfum. Í starfsáætlun ársins 2006 er lögð áhersla á stefnumótandi hlutverk Velferðarráðs. Byggt er á þeim megináherslum sem Velferðarráð og áður félagsmálaráð hefur sett á yfirstandandi kjörtímabili.

Þessi áhersluatriði eru:

- Aukinn stuðningur og aðstoð við fátæk börn og börn í áhættuhópum.
- Samþætt og aukinn þjónusta við aldraða og fatlaða í heimahúsum.
- Breyttur og aukinn stuðningur við tekjulágt fólk í húsnæðisvanda.
- Aukin lífsgæði fyrir þá sem hafa fengið fjárhagsaðstoð í langan tíma.

Þá hefur Velferðarráð ákveðið að málefni aldraðra verði í brennidepli það sem eftir lifir af kjörtímabilinu og mun m.a. styðjast við tillögur sem þjónustuhópur aldraðra lagði fram haustið 2005.

Þessi stefnumörkun endurspeglast bæði í stefnukorti Velferðarsviðs og í markmiðum ársins 2006. Enn fremur tekur starfsáætlunin mið af breyttu hlutverki og verkefnum Velferðarsviðs. Stefnukort Velferðarsviðs (áður Félagsþjónustunnar) hefur verið endurskoðað ásamt kjörorðum og framtíðarsýn með tilliti til skipulagsbreytinganna. Farið hefur verið ítarlega ofan í skilgreiningar bæði á kjörorðum og velgengisþáttum og er lesendum starfsáætlunarinnar bent á að kynna sér skilgreiningarnar vel. Þar birtast ekki síst hinar pólitísku áherslur. Í uppsetningu á starfsáætluninni varð ofan á að setja skilgreiningarnar fram í sérstökum kafla bæði til þess að vekja athygli á mikilvægi þeirra og enn fremur með það í huga að stefnukort og markmið haldist í hendur í framsetningunni.

Í starfsáætlun ársins 2006 er leitast við að halda til haga nokkrum stórum og óloknum verkefnum úr fyrri starfsáætlunum en jafnframt er lögð áhersla á að sýna ný og mikilvæg verkefni sem verða ofarlega á baugi á nýju ári. Eðli málsins samkvæmt eru markmið og verkefni undir þjónustuvídd stefnukortsins fyrirferðarmest og þá fyrst og fremst undir velgengisþáttinum „þróun velferðarþjónustu“ sem segja má að sé eitt af megin viðfangsefnum Velferðarsviðs. Dæmi um mikilvægt markmið er að Velferðarsvið ætli að hafa frumkvæði að því að Reykjavíkurborg setji sér fjölskyldustefnu.

Ýmsar leiðir til að auka stuðning og þjónustu við utangarðsfólk birtist sem nýtt en þó sígilt markmið velferðarþjónustunnar. Þá er í starfsáætluninni lögð mikil áhersla á aukið samstarf og samráð í velferðarmálum milli sviða og stofnana borgarinnar og hefur Velferðarsvið þar miklu hlutverki að gegna. Þá hafa þjónustumiðstöðvar lykilhlutverki að gegna í hverfum borgarinnar við að samhæfa þá þjónustu sem hinar ýmsu stofnanir og félagasamtök veita bæði börnum og fjölskyldum og því þótti ástæða til að setja þá stefnu fram í starfsáætlun Velferðarsviðs á þessum tímamótum.

Inngangur

Margvísleg samstarfs- og samþættingarverkefni í þjónustu við fólk í heimahúsum verða ofarlega á baugi á árinu 2006 eins og verið hefur. Vert er að vekja athygli á markmiði undir heitinu „Þjónustuíbúðin heim“ sem tengist því að innleiða kvöld-, helgar- og næturþjónustu í hverfum borgarinnar í samstarfi við heimahjúkrunina í Reykjavík. Þetta er liður í samkomulagi milli Reykjavíkurborgar og heilbrigðis- og tryggingarráðuneytisins frá árinu 2003 um samþætta heimaþjónustu. Ef vel tekst til mun það marka þáttaskil í þjónustu við aldraða og fatlaða í borginni um þjónustu inn á eigið heimili í stað þess að þurfa að flytja annað til að fá þjónustu við hæfi.

Lögð verður áhersla á að auka fjölbreytni í húsnæðisúrræðum fyrir Reykvíkinga í húsnæðisvanda. Sérstakt verkefni innan þess markmiðs snýr að öldruðum og verður unnið að því í samvinnu við Þjónustuhóp aldraðra. Þá verður áfram unnið að því að þróa sérstakar húsaleigubætur sem velferðarráð lagði grunninn að á árinu 2004. Tekjulágir umsækjendur um leiguhúsnæði í Reykjavík eiga kost á sérstökum húsaleigubótum til viðbótar við lögbundnar húsaleigubætur til þess að geta tekið á leigu húsnæði að eigin vali á almennum leigumarkaði og staðið undir þeim kostnaði sem af því hlýst.

Markmið um að auka lífsgæði barna sem búa við erfiðar aðstæður er sett í brennidepil á árinu og það nálgast með ýmsum aðgerðum. Augum verður sérstaklega beint að börnum forsjárlausra feðra með það að markmiði að þessir feður fái tækifæri til að umgangast börn sín.

Samráð og samstarf við notendur var rauði þráðurinn í starfi og stefnu Félagsþjónustunnar og svo verður áfram á nýju Velferðarsviði. Í starfsáætlun 2006 verður aðaláherslan lögð á fræðslu um og innleiðingu vinnuaðferða við notendasamráð og starfsfólki þjónustumiðstöðva verður boðin þátttaka í þessari fræðslu.

Vert er að vekja athygli á því að markmið um að auka lífsgæði fólks sem fengið hefur fjárhagsaðstoð í langan tíma er nú haft undir fjármálaviddinni í velgengisþættinum „endurhæfing og átaksverkefni“. Litið var til þess að endurhæfing er oft lykillinn að betri fjárhagsstöðu sem aftur eykur lífsgæði þeirra einstaklinga sem í hlut eiga.

Aukin áhersla verður á árinu og komandi árum á rannsóknir og þróunarverkefni sem eru grundvallaratriði í því að velferðarþjónustan þróist í takt við þarfir samtímans. Velferðarsvið mun eiga samstarf við innlendar og erlendar rannsóknarstofnanir. Þá mun Velferðarsvið taka þátt í stofnun og starfsemi rannsóknarseturs í barna og fjölskylduvernd sem verið er að stofna við H.Í.

Hæft og ánægt starfsfólk er lykillinn að góðri og hagkvæmri þjónustu. Á árinu 2006 verður hugað að starfsumhverfi og vellíðan starfsfólks á nýju Velferðarsviði og sérstaklega verður lagt kapp á að skapa öfluga liðsheild samhentra starfsmanna.


Lára Björnsdóttir
sviðsstjóri Velferðarsviðs

Framtíðarsýn

Velferðarsvið verði leiðandi í velferðarmálum og tryggi framþróun, samhæfingu og samþættingu velferðarþjónustu í Reykjavík

Kjörorð

Velferð fyrir alla – Virk samfélagsþátttaka – Jöfn aðstaða barna



Velgengnisþættir

Markmið

Þjónusta

Þróun velferðarþjónustu

- 1.1 Auka samráð í velferðarmálum milli sviða og stofnana borgarinnar.
- 1.2 Auka möguleika Reykvíkinga í húsnæðisvanda.
- 1.3 Færa þjónustuíbúðina heim.
- 1.4 Auka áherslu á félagslegan þátt og umönnun í heimaþjónustu.
- 1.5 Efla stuðning við utangarðsfólk.
- 1.6 Þróa þjónustu við flóttamenn.

Velferð með þátttöku íbúa

- 1.7 Auka þátttöku notenda.

Stöðugleiki í uppveksti barna

- 1.8 Auka lífsgæði barna.
- 1.9 Tryggja börnum öruggt húsnæði.

Fjármál

Endurhæfing og átaksverkefni

- 2.1 Auka lífsgæði fólks sem fengið hefur fjárhagsaðstoð í langan tíma.
- 2.2 Bæta skipulag átaksverkefna og vinna að áframhaldandi þróun þeirra.

Góð nýting og stýring fjármuna

- 2.3 Efla greiningu og eftirlit með frávikum í fjárhagsáætlun.
- 2.4 Hagræða í rekstri framleiðslueldhúsa.

Verklag

Gegnsæ stjórnsýsla

- 3.1 Tryggja vandaða og skjóta málsmeðferð.
- 3.2 Þróa nýja aðferð í vinnslu barnaverndartilkynninga.

Áreiðanleg upplýsingamiðlun

- 3.3 Tryggja að íbúar fái sambærilega þjónustu óháð búsetu.
- 3.4 Tryggja rétta og skilvirka afgreiðslu fjárhagsaðstoðar.
- 3.6 Auka rannsóknastarf og bæta vinnubrögð á grundvelli rannsókna niðurstaðna.

Þróun fagvinnu á grundvelli rannsókna

- 3.5 Kynna rannsóknir og þróunarverkefni.

Mannauður

Jákvætt starfsumhverfi og starfsánægja

- 4.1 Stuðla að vellíðan starfsmanna.

Samvinna og sveigjanleiki í starfi

- 4.2 Skapa öfluga liðsheild samhentra starfsmanna.

Nýsköpun, þekking og frumkvæði

- 4.3 Efla þekkingu stjórnenda og lykilstarfsmanna á gæðastarfi og mati á árangri.

I. Þjónusta

1.1	Auka samráð í velferðarmálum milli sviða og stofnana borgarinnar
Rök	Við undirbúning að stefnumótun í velferðarmálum er mikilvægt að hafa náðið samráð og samstarf við önnur svið borgarinnar og hagsmunasamtök og notendur þjónustunnar. Þetta á ekki síst við þegar um er að ræða málefni barna og fjölskyldna af öllum gerðum.
Aðgerðir	<p>1) Fjölskyldustefna: Velferðarsvið hafi frumkvæði að því að skipuð verði nefnd með fulltrúum allra sviða Reykjavíkurborgar sem geri tillögu að stefnu Reykjavíkurborgar í málefnum fjölskyldunnar. Í vinnu nefndarinnar verði haft samráð við fulltrúa hagsmunahópa og einstaklinga sem hafa látið sig málefni fjölskyldunnar varða.</p> <p>Tímaáætlun: Allt árið 2006. Ábyrgðarmaður: Sviðsstjóri Velferðarsviðs. Velgengnisþáttur: Þróun velferðarþjónustu.</p> <p>2) Velferðarsvið beiti sér fyrir því að skipaður verði starfshópur um hlutverk þjónustumiðstöðva og einstakra sviða um að tryggð verði að aðgerðir séu samræmdar í málefnum einstaklinga og fjölskyldna í hverfum borgarinnar.</p> <p>Tímaáætlun: Allt árið 2006. Ábyrgðarmaður: Sviðsstjóri Velferðarsviðs. Velgengnisþáttur: Þróun velferðarþjónustu.</p> <p>3) Óskað verði eftir samstarfi við Íþrótt- og tómsfundasvið og Menntasvið um að vinna að tillögum um hvernig hægt verði að gefa öllum börnum, óháð tekjum foreldra, tækifæri til að stunda íþróttir og aðrar tómsfundir við hæfi.</p> <p>Tímaáætlun: Allt árið 2006. Ábyrgðarmaður: Skrifstofustjóri velferðarþjónustu. Velgengnisþáttur: Þróun velferðarþjónustu.</p>
1.2	Auka möguleika Reykvíkinga í húsnæðisvanda
Rök	Ein af megináherslum Velferðarráðs á yfirstandandi kjörtímabili er að vinna að því að finna leiðir til að leysa húsnæðisvanda þeirra borgarbúa sem búa við félagslegan og fjárhagslegan vanda. Ólíkar þarfir einstaklinga og fjölskyldna kalla á mismunandi lausnir í húsnæðismálum.
Aðgerðir	<p>1) Sérstakar húsaleigubætur sem teknar voru upp á árinu 2004 verði skoðaðar m.t.t. þeirrar reynslu sem fengist hefur og áframhaldandi þróunar.</p> <p>2) Unnið verði að því að auka valkosti eldri borgara í húsnæðismálum til samræmis við tillögur þjónustuhóps aldraðra frá október 2005.</p> <p>3) Unnið verði með Félagsbústöðum hf. að því að leita að eða skapa ný húsnæðisúrræði fyrir þá einstaklinga og fjölskyldur sem ekki geta nýtt sér hefðbundið húsnæði.</p> <p>4) Unnið verði með Fangelsismálastofnun að því að finna lausn á búsetumálum fanga sem eru að ljúka refsivist og eru húsnæðislausir.</p> <p>Tímaáætlun: Allt árið 2006. Ábyrgðarmaður: Skrifstofustjóri velferðarþjónustu. Velgengnisþáttur: Þróun velferðarþjónustu.</p>

1.3	Færa þjónustuíbúðina heim
Rök	<p>Undanfarin ár hefur verið lögð áhersla á að byggja upp öfluga og samfellda þjónustu inni á heimilum fólks til þess að gera því kleift að búa sem lengst heima og draga úr stofnanavistun. Frá því í febrúar 2004 hefur verið starfandi stýrihópur um samþættingu félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar. Unnið hefur verið að sameiginlegu mati og þjónustuáætlun fyrir notendur. Farið hefur fram kennsla í að vinna með sameiginlegt matstæki (RAI Home Care) sem tekið var í notkun vorið 2005. Samþætt kvöld- og helgarþjónusta félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar er að hefjast og mikilvægt er að halda vel utan um þá þjónustu sem og að þróa áframhaldandi þjónustu í því skyni að gera fólki kleift að búa heima sem lengst.</p>
Aðgerðir	<p>1) Halda utan um framkvæmd og þróa kvöld- og helgarþjónustu í öllum hverfum borgarinnar í samvinnu við starfsmenn heimahjúkrunar.</p> <p>2) Vinna að undirbúningi tillagna um viðbótarþjónustu - öryggissíma - og auka þar með fjölbreytni í þjónustu við fólk sem kys að búa heima eins lengi og unnt er.</p> <p>Tímaáætlun: Allt árið 2006. Ábyrgðarmaður: Skrifstofustjóri velferðarþjónustu. Velgengnisþáttur: Þróun velferðarþjónustu.</p>
1.4	Auka áherslu á félagslegan þátt og umönnun í heimaþjónustu
Rök	<p>Á undanförunum árum hefur komið í ljós að þríf hafa fengið mikið vægi í þjónustu við öryrkja og aldraða á kostnað félagslegs stuðnings. Samþætt heimaþjónusta og heimahjúkrun krefst nýrra vinnubragða. Áhersla Velferðarsviðs á virka og öfluga þjónustu kallar á nýja hugsun í heimaþjónustu þar sem meiri áhersla er lögð á félagslega þáttinn og umönnun. Félagsliðanám, sem fjöldi starfsmanna í heimaþjónustu hefur nýtt sér, felur í sér tækifæri til þess að auka áherslu á félagslegan stuðning í heimaþjónustu.</p>
Aðgerð	<p>Í samstarfi við Þjónustu- og rekstrarsvið verður unnið markvisst að því að starfskraftar félagsliða nýtist sem best í þágu heimaþjónustunotenda.</p> <p>Tímaáætlun: Allt árið 2006. Ábyrgðarmaður: Skrifstofustjóri velferðarþjónustu. Velgengnisþáttur: Þróun velferðarþjónustu.</p>
1.5	Efla stuðning við utangarðsfólk
Rök	<p>Á undanförunum árum hefur verið unnið markvisst með þann hóp einstaklinga sem á hvergi höfði sínu að halla. Fjöldinn hefur verið metinn og aðstæður kannaðar. Í framhaldi af því var sett á laggirnar heimili ætlað fyrir þá einstaklinga sem lengst höfðu dvalið í gistiskýlum. Ráðgjafarþjónusta var færð út fyrir veggj stofnunar og höfð forganga um samvinnu ólíkra aðila sem koma að þjónustu við þennan hóp í þeim tilgangi að samhæfa vinnu og bæta þjónustuna. Sú breyting að færa rekstur gistiskýlisins til Velferðarsviðs skapar enn meiri möguleika á stuðningi við þennan hóp.</p>
Aðgerðir	<p>1) Mótúð verði stefna í málefnum utangarðsfólks af báðum kynjum.</p> <p>2) Auka þjónustu og stuðning við þann hóp einstaklinga sem dvelur langdvölum í gistiskýlinu, meðal annars með því að bjóða upp á ráðgjöf á staðnum og dagdvöl þar sem unnið er með hverjum einstaklingi að því að finna leiðir til að auka lífsgæði viðkomandi.</p>

1.5 Aðgerðir	Efla stuðning við utangarðsfólk frh. 3) Gerð verði tilraun í samstarfi við þjónustumiðstöðvar með að setja á laggirnar rýnihópa með utangarðsfólki af báðum kynjum til að greina möguleg úrræði fyrir þennan hóp. Tímaáætlun: Allt árið 2006. Ábyrgðarmaður: Skrifstofustjóri velferðarþjónustu. Velgengnisþáttur: Þróun velferðarþjónustu.
1.6 Rök	Þróa þjónustu við flóttamenn Á árinu 2005 gerði félagsmálaráðuneytið samning við Reykjavíkurborg um móttöku 31 flóttamanns frá Kólumbíu og Kosovo og var Velferðarsviði falin ábyrgð á verkefninu fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Ráðinn var verkefnisstjóri til þess að hafa yfirumsjón með verkefninu og sjá um samhæfingu á þjónustu innan borgar og utan. Mikilvægt er að fylgjast með þróun verkefnisins og læra af reynslunni til þess að nýta hana í sambærilegum verkefnum í framtíðinni og öðrum hópum útlendinga til hagsbóta.
Aðgerðir	1) Samráðshópur vegna stuðnings og aðlögunar flóttafólks starfi á árinu, skipaður fulltrúum frá félagsmálaráðuneyti, Rauða krossi Íslands og Velferðarsviði. 2) Samstarfshópur innan borgarkerfisins starfi að því að samhæfa aðgerðir og fylgjast með verkefninu. 3) Gert verði stöðumat á miðju ári og í lok árs til að meta hvernig til hefur tekist. 4) Í lokaskýrslu verkefnisstjóra verði gerð grein fyrir hvernig til tókst og hvað hefði mátt betur fara í framkvæmdinni. Tímaáætlun: Október árið 2006. Ábyrgðarmaður: Sviðsstjóri Velferðarsviðs. Velgengnisþáttur: Þróun velferðarþjónustu.
1.7 Rök	Auka þátttöku notenda Á undanförunum árum hefur verið unnið að því að auka þátttöku notenda, meðal annars með samkomulagi um félagslega ráðgjöf og innleiðingu fjölskyldusamráðs. Eftir námstefnu í október 2005, um aukna hlutdeild notenda í skipulagningu og þróun velferðarþjónustu, er þörf á samræðu Velferðarsviðs og þjónustumiðstöðva um þátttöku notenda í starfinu.
Aðgerðir	1) Haldin verði málstofa um aðferðir notendasamráðs. Tekið verði sérstaklega mið af reynslunni af framkvæmd samkomulags um félagslega ráðgjöf og fjölskyldusamráðs sem eru meðal þeirra aðferða sem hafa verið notaðar til að virkja notendur. 2) Námskeið verði haldið um vinnuaðferðir fjölskyldusamráðs. Vinnuaðferðirnar fela í sér að stórfjölskyldan kemur saman, finnur lausn vandans í sameiningu og ber ábyrgð á þeirri ákvörðun sem tekin er. Aðferðafræðin byggist á virkni þátttakenda. 3) Búnar verði til leiðbeiningar/tékklisti um ferli virks notendasamráðs í samráði við notendur. 4) Aukið samráð verði haft við hagsmunasamtök og stofnanir. Tímaáætlun: Allt árið 2006. Ábyrgðarmaður: Skrifstofustjóri Velferðarsviðs. Velgengnisþáttur: Velferð með þátttöku íbúa.

1.8	Auka lífsgæði barna
Rök	Ein af höfuðáherslum Velferðarráðs lýtur að börnum sem búa við erfiðar aðstæður, hvort sem það er vegna bágs efnahags foreldra eða þess að þau eru í áhættuhópi. Því er mikilvægt að ýmsar aðgerðir á árinu miði að því að hlúa að börnum í Reykjavík sem eru í veikri stöðu.
Aðgerðir	<p>1) Fjölskyldusamráð: Áfram verði unnið að innleiðingu fjölskyldusamráðs á árinu. Samvinna er við Háskóla Íslands um verkefnið. Það er liður í samnorrænni rannsókn sem stýrt er af lektor í félagsráðgjöf við HÍ.</p> <p>Tímaáætlun: Allt árið 2006. Ábyrgðarmaður: Skrifstofustjóri Velferðarsviðs. Velgengnisþáttur: Stöðugleiki í uppvexti barna.</p> <p>2) Könnun á aðstæðum forsjarlausra feðra: Ákveðið hefur verið að gera úttekt á stöðu forsjarlausra feðra í Reykjavík. Við undirbúning úttektarinnar verði haft samráð við forsjarlausa feður, meðal annars með rýnihópavinnu. Markmiðið er að kanna aðstæður og styrkleika feðra sem oft og tíðum hafa verið ósýnilegir í lífi barnanna. Að hve miklu leyti geta þeir feður sem ekki hafa verið í sambandi við börnin sín komið inn í líf þeirra, börnunum og samfélaginu til hagsbóta?</p> <p>Tímaáætlun: 1. október 2006. Ábyrgðarmaður: Skrifstofustjóri Velferðarsviðs. Velgengnisþáttur: Stöðugleiki í uppvexti barna.</p> <p>3) Við vinnslu barnaverndarmála verði nú sem fyrr leitast við að ná samvinnu við forsjarlausa feður með það fyrir augum að auka lífsgæði viðkomandi barns.</p> <p>Tímaáætlun: Allt árið 2006. Ábyrgðarmaður: Framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur. Velgengnisþáttur: Stöðugleiki í uppvexti barna.</p>
1.9	Tryggja börnum öruggt húsnæði
Rök	Í þeim tilvikum þar sem verið er að bera barnafjölskyldur út úr húsnæði sínu vegna fjárhags- og/eða félagslegs vanda skulu barnaverndarsjónarmið vega þungt með hagsmunum og þarfir barnsins í huga.
Aðgerð	<p>Gerð skal viðbragðsáætlun í samstarfi við Félagsbústaði, þjónustumiðstöðvar í hverfum borgarinnar og Barnavernd Reykjavíkur þannig að hagsmunir barna séu ávallt tryggðir.</p> <p>Tímaáætlun: Viðbragðsáætlun liggja fyrir eigi síðar en 1. febrúar 2006. Ábyrgðarmaður: Framkvæmdastjóri barnaverndar. Velgengnisþáttur: Stöðugleiki í uppvexti barna.</p>

2.4

Rök

Hagræða í rekstri framleiðslueldhúsa

Vinna þarf áfram að því að finna leiðir til að auka hagkvæmni í rekstri framleiðslueldhúsa og fylgja eftir þeim árangri sem þegar hefur náðst. Greina þarf enn frekar rekstur eldhúsanna og leita skýringa á mismunandi árangri.

Aðgerðir

- 1) Utanaðkomandi ráðgjafi verði fenginn til að gera úttekt á framleiðslueldhúsum og koma með tillögur um frekari endurbætur.
- 2) Settar verði samræmdar reglur um framboð eldhúsa á þjónustu. Með aðstoð næringarfræðings verði settar ákveðnar meginreglur um samsetningu máltíða, bæði hvað varðar magn og gæði.

Tímaáætlun: Allt árið 2006.

Ábyrgðarmaður: Skrifstofustjóri rekstrar- og þjónustuúrræða.

Velgengnisþáttur: Góð nýting og stýring fjármuna.

3. Verklag

3.1	Tryggja vandaða og skjóta málsmeðferð
Rök	Í kjölfar stjórnkerfisbreytinga hjá Reykjavíkurborg þarf að tryggja áfram skjóta og vandaða málsmeðferð þegar um er að ræða málskot til áfrýjunarnefndar Velferðarráðs. Leggja verður sérstaka áherslu á að tryggja að jafnræði sé virt í málsmeðferð.
Aðgerðir	<ol style="list-style-type: none"> 1) Kanna hve stór hluti þeirra mála sem skotið er til áfrýjunarnefndar Velferðarráðs er afgreiddur innan 30 daga frá því að erindi berst til nefndarinnar. 2) Bæta skráningu mála sem berast áfrýjunarnefnd. 3) Endurskoða verklag við málskot til áfrýjunarnefndar Velferðarráðs í samvinnu við þjónustumiðstöðvar. <p>Tímaáætlun: Apríl 2006. Ábyrgðarmaður: Forstöðumaður lögfræðiskrifstofu. Velgengnisþáttur: Gegnsæ stjórnsýsla.</p>
3.2	Próa nýja aðferð í vinnslu barnaverndartilkynninga
Rök	Barnavernd Reykjavíkur hefur á árunum 2004 og 2005 unnið að nýju fyrirkomulagi í vinnslu kannana með það að markmiði að vinna barnaverndartilkynningar á skjótari og árangursríkari hátt. Aðferðin felst í því að þegar barnaverndartilkynning berst frá opinberum aðilum eru allir hlutaðeigandi aðilar kallaðir saman. Reynslan hefur sýnt að með því að beita þessari aðferð fæst niðurstaða á skjótari og árangursríkari hátt. Miðað er að því að fyrirkomulag þetta verði ríkjandi í vinnslu tilkynninga sem berast Barnavernd Reykjavíkur frá opinberum aðilum.
Aðgerðir	<ol style="list-style-type: none"> 1) Aðferðafræðin verði notuð við könnun barnaverndarmála þegar ástæða tilkynningar er af þeim toga að aðferðafræðin er talin nýtast við vinnslu málsins. 2) Allt að fimm starfsmenn Barnaverndar Reykjavíkur hljóti þjálfun í vinnuaðferðinni til þess að auka enn frekar faglega þekkingu sína á þessari nýju nálgun í vinnslu kannana. <p>Tímaáætlun: Allt árið 2006. Ábyrgðarmaður: Framkvæmdastjóri barnaverndar. Velgengnisþáttur: Gegnsæ stjórnsýsla.</p>
3.3	Tryggja að íbúar fái sambærilega þjónustu óháð búsetu
Rök	Mikilvægt er að verklag í þjónustumiðstöðvum sé samræmt til að gæta jafnræðis í þjónustunni. Tryggja þarf að reglur sem Velferðarráð setur og breytingar á þeim séu kynntar starfsmönnum og innleiddar eins fljótt og auðið er.
Aðgerð	Leitað verði eftir samstarfi við þjónustu- og rekstrarsvið og önnur svið borgarinnar sem hlut eiga að máli um innleiðingu og uppbyggingu gæðakerfis þannig að tryggt sé að starfsmenn hafi aðgang að sömu upplýsingum um reglur og verklag.
	<p>Tímaáætlun: Allt árið 2006. Ábyrgðarmaður: Sviðsstjóri Velferðarsviðs. Velgengnisþáttur: Áreiðanleg upplýsingamiðlun.</p>

3.4	Tryggja rétta og skilvirka afgreiðslu fjárhagsaðstoðar
Rök	<p>Í kringum áramótin 2005/2006 er gert ráð fyrir að lokið verði breytingum á tölvukerfi sem heldur utan um skráningu fjárhagsaðstoðar (framfærslustyrkja og heimildargreiðslna) og útborgun fjárhagsaðstoðar. Breytingar þessar hafa í för með sér miklar breytingar á vinnuferlum, bæði hvað varðar skráningu og eftirlit með fjárhagsaðstoð. Nauðsynlegt er að standa vel að innleiðingu breytinga, m.a. með skráningu verkferla, gerð handbókar og kennsluefnis. Enn fremur er mikilvægt að tryggja markvissa eftirfylgni með verklagi og koma á skipulögðu innra eftirliti með framkvæmd, sbr. ábendingar innra eftirlits Reykjavíkurborgar og tillögur í skýrslu starfshóps um innra eftirlit með fjárhagsaðstoð frá janúar 2005.</p>
Aðgerðir	<p>1) Útbúin verði gæðahandbók fyrir fjárhagsaðstoð er tryggi samræmda afgreiðslu erinda við afgreiðslu mála.</p> <p>2) Ráðinn verði verkefnisstjóri til eins árs til að sinna þessu umfangsmikla verkefni.</p> <p>Tímaáætlun: Allt árið 2006. Ábyrgðarmaður: Skrifstofustjóri rekstrar- og þjónustuúrræða. Velgengispáttur: Áreiðanleg upplýsingamiðlun.</p>
3.5	Auka rannsóknastarf og bæta vinnubrögð á grundvelli rannsóknaniðurstaðna
Rök	<p>Mikilvægt er að efla rannsóknir á sviði velferðarþjónustu í samvinnu við starfsmenn í grasótinni og leggja til grundvallar faglegu starfi.</p>
Aðgerðir	<p>1) Velferðarsvið verði áfram þátttakandi í starfi Nordic Campbell þar sem m.a. er safnað á einn stað og skráðar matsrannsóknir sem meta áhrif íhlutunar, s.s. meðferðar, stuðnings, úrræða eða þjálfunar.</p> <p>2) Velferðarsvið verði í rannsóknarsamstarfi við innlenda og erlenda aðila: Lektor við Háskólann á Akureyri sem vinnur að þróunarverkefni og rannsókn í samvinnu við Velferðarsvið um viðhorf fagfólks til barna og áhrif þeirra á verklag og ákvarðanatöku. Börnin verða mikilvægir matsaðilar í verkefninu.</p> <p>3) Velferðarsvið verði þátttakandi í norrænu rannsóknarverkefni þar sem þróa á líkan til að tengja saman rannsóknir, menntun og fagvinnu. Áhersla verður á notendasamráð og mismunandi aðferðum verður beitt við gagnasöfnun, svo sem rýnihópum og spurningalistakönnun.</p> <p>4) Rannsóknarsetur: Velferðarsvið taki þátt í stofnun og starfrækslu Rannsóknarseturs í barna- og fjölskylduvernd sem verið er að undirbúa við Háskóla Íslands. Ýmsar stofnanir og hagsmunaaðilar, s.s. Þjóðkirkjan, Barnaverndarstofa og Efling - stéttarfélag koma einnig að stofnun rannsóknarsetursins. Með samvinnu um stofnun og starfrækslu rannsóknarseturs í barna- og fjölskylduvernd er stuðlað að enn frekari tengslum milli starfsvettvangs og fræðasetra, sem er mikilvægt í þróun velferðarþjónustunnar á 21. öldinni.</p> <p>Tímaáætlun: Allt árið 2006. Ábyrgðarmaður: Skrifstofustjóri Velferðarsviðs. Velgengispáttur: Þróun fagvinnu á grundvelli rannsókna.</p>

3.6

Rök

Kynna rannsóknir og þróunarverkefni

Mikilvægt er að kynna rannsóknir og þróunarverkefni Velferðarsviðs fyrir starfsmönnum Velferðarsviðs, þjónustumiðstöðva og öðrum samstarfsaðilum.

Aðgerðir

Rannsóknir og þróunarverkefni verði kynnt á vefsíðu Velferðarsviðs. Velferðarsvið haldi opna fundi tvisvar á ári þar sem rannsóknar- og þróunarverkefni eru kynnt. Þangað verði boðið m.a. samstarfsaðilum hjá Reykjavíkuborg og ríkinu og öðrum sem að gagni kæmu eftir eðli verkefna. Allar rannsóknir og öll þróunarverkefni verði vistuð á bókasafni Velferðarsviðs og verklag samið um það hvernig staðið skuli að skilum þangað.

Tímaáætlun: Allt árið 2006.

Ábyrgðarmaður: Skrifstofustjóri Velferðarsviðs.

Velgengnisþáttur: Áreiðanleg upplýsingamiðlun.

4. Mannauður

4.1	Stuðla að velliðan starfsmanna
Rök	Velferðarsvið leggur áherslu á að starfsmenn séu ávallt vel upplýstir um hlutverk sitt og starfsemi Velferðarsviðs en rannsóknir hafa sýnt að upplýsingamiðlun hefur mikil áhrif á velliðan í starfi.
Aðgerðir	<p>Halda úti virkum innri vef fyrir starfsmenn þar sem fram koma m.a. upplýsingar um mannauðsmál Velferðarsviðs.</p> <p>2) Skilgreina upplýsingaferla á Velferðarsviði þannig að stjórnendur og starfsmenn séu upplýstir um í hvaða farveg upplýsingar skuli fara til þess að tryggja miðlun þeirra.</p> <p>3) Gera starfslýsingar fyrir öll störf á Velferðarsviði. Verkefnisstjóri mannauðsmála undirbýr gerð starfslýsinga fyrir öll störf í samráði við yfirmenn og forstöðumenn starfsstaða sem vinna þær í samráði við starfsmenn.</p> <p>4) Gera viðhorfskannanir meðal starfsmanna a.m.k. tvisvar á ári í samráði við Stjórnsýslu- og starfsmannasvið Reykjavíkurborgar.</p> <p>Tímaáætlun: Allt árið 2006. Ábyrgðarmaður: Verkefnisstjóri mannauðsmála. Velgengnisþáttur: Jákvætt starfsumhverfi og starfsánægja.</p>
4.2	Skapa öfluga liðsheild samhentra starfsmanna
Rök	Velferðarsvið leggur áherslu á að starfsmenn komi að því að móta nýja starfshætti þannig að starfsmannahópurinn myndi sterka, samhæfða og árangursríka liðsheild. Öflug liðsheild er fær um meiri afköst en einstaklingarnir í hópnum einir og sér og eykur líkur á árangri.
Aðgerðir	<p>Halda reglulega fundi með starfsmönnum til að þróa nýja starfshætti. Halda námskeið til eflingar liðsheildar. Efla liðsandann með því að standa að viðburðum fyrir starfsmenn.</p> <p>Tímaáætlun: Allt árið 2006. Ábyrgðarmaður: Verkefnisstjóri mannauðsmála. Velgengnisþáttur: Samvinna og sveigjanleiki í starfi.</p>
4.3	Efla þekkingu stjórnenda og lykilstarfsmanna á gæðastarfi og mati á árangri
Rök	Mikilvægt er að stjórnendur og lykilstarfsmenn Velferðarsviðs þekki til hugmyndafræði gæðastjórnunar og úttekta þar sem hlutverk sviðsins er m.a. eftirlit og mat á árangri.
Aðgerðir	<p>Lykilstarfsmenn sækja námskeið um innri gæðaúttektir á vegum Endurmenntunar Háskóla Íslands. Þeir vinna saman sem teymi að skipulagi úttekta og mats á þjónustu skv. viðauka með þjónustusamningi við þjónustu- og rekstrarsvið.</p> <p>Tímaáætlun: Allt árið 2006. Ábyrgðarmaður: Verkefnisstjóri gæðamála. Velgengnisþáttur: Nýsköpun, þekking og frumkvæði starfsfólks.</p>

Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun	Útkoma 2004 í þús.kr.	Endursk.áætlun 2005 í þús.kr.	Útkomuspá 2005 í þús.kr.	Frumvarp 2006 í þús.kr.
Tekjur	-1.525.434	-1.636.081	-1.408.919	-1.378.529
Gjöld	7.014.087	7.560.353	7.222.040	7.411.602
Félagsþjónusta/Velferðarsvið samtals	5.488.653	5.924.272	5.813.121	6.033.073
Halli v. Dropl.staða	27.970	29.272	30.915	37.055
Halli v. Seljahlíðar	46.123	46.558	51.965	49.615
Samtals með halla	5.562.747	6.000.102	5.896.001	6.119.743

Skipting þjónustupáttu	Útkoma 2004 í þús. kr.	Endursk.áætlun 2005 í þús.kr.	Útkomuspá 2005* í þús.kr.	Frumvarp 2006 í þús.kr.
Nefndir og ráð	10.721	15.780	19.313 ¹	26.230
Aðalskrifstofa	262.150	252.564	240.000	234.812
Opin þjónusta fyrir fjölskyldur og börn	53.169	55.147	50.420 ²	48.875
Þróunarverkefni	0	46.168	0 ³	46.441
Búsetu og stuðningsþjónusta við geðfatlaða	15.235	12.070	12.764	16.704
Heimili fyrir fjölskyldur og börn	136.977	142.797	139.620	151.808
Dvalar- og hjúkrunarheimili	76.028	92.768	92.805	102.472
Þjónustuíbúðir og heimaþjónusta Seljahlíð	77.674	82.075	73.652	75.812
Framleiðslueldhús	57.187	38.925	39.871	40.924
Barnavernd Reykjavíkur	234.768	245.481	244.727	261.476
Fjárhagsaðstoð	1.048.076	1.161.533	955.050 ⁴	1.197.363
Húsaleigubætur og niðurgreiðsla húsaleigu	911.685	1.056.275	1.056.275	1.133.721
Viðbótarlán, 4% framlag Reykjavíkurborgar	124.346	11.000	2.500	0
Búsetuúrræði	80.894	103.339	108.335	114.712
Þjónustusamningar og styrkir v. félagsmála	103.208 ⁵	389.772	389.772 ⁵	448.414
Aðrir bundnir liðir	596.905	409.600	409.600 ⁶	214.670
Önnur gjöld	65.850	81.445	53.218	78.451
Þjónustu- og rekstrarsvið - þjónustusamningar	0	71.495	1.285.529	1.840.187
Kostnaðarst. hættir eða fluttir á þjónustumiðst.	1.633.781	1.656.038	639.669	0
Félagsþjónusta/Velferðarsvið samtals	5.488.653	5.924.272	5.813.121	6.033.073

Halli vegna Droplaugarstaða	27.970	29.272	30.915	37.055
Halli vegna Seljahlíðar	46.123	46.558	51.965	49.615
Samtals með halla	5.562.747	6.000.102	5.896.001	6.119.743

1) Forvarnarnefnd bætist við á árinu 2006

2) Fjölskylduþjónustan Lausn var (að hluta) sameinuð Stuðningnum heim og flutt í Hraunberg á árinu 2005.

3) Gert er ráð fyrir að nýtt úrræði heimaþjónustu kvöld- og helgarþjónusta hefjist í nóv. 2005.

4) Fjárhagsaðstoð Miðgarðs bætist við ramma Velferðarsviðs á miðju ári 2005

5) Hluti af bundnum liðum 2004 flokkast sem þjónustusamningar og styrkir (óbundnir) 2005 og 2006

6) Breytingar á bundnum liðum. Framlög til Markarholts og Eirar fara úr ramma Velferðarsviðs 2006.

* Útkomuspá byggð á niðurstöðu 6 mánaða uppgjör.

Lykiltölur

Lykiltölur	Árið 2003	Árið 2004	Útkomuspá m.v. 6 mán.stöðu '05	Áætlun 2006
Fjárhagsaðstoð				
Heildarupphæð 1)	1.075.462.234	1.145.434.326	1.184.999.406	1.197.363.000
Fjárhagsaðstoð til framfærslu	711.624.553	808.227.741	828.937.956	823.700.000
Heimildargreiðslur og átaksverkefni	363.837.681	337.206.585	356.061.450	373.663.000
Fjöldi heimila alls	3.802	3.438	3.000	2.900
Fjöldi heimila með fjárhagsaðstoðallt árið	334	333	295	280
Fjöldi heimila með fjárhagsaðstoð 6 mánuði og lengur	1.248	1.208	1.100	1.050
Fjöldi heimila með fjárhagsaðstoð 3 mánuði og skemur	2.000	1.772	1.555	1.600
Fjöldi þátttakenda á fjármálanámskeiðum	120	125	125	125
Fjöldi þátttakenda í kvennasmiðju í árslok49	47	50	50	
Fjöldi þátttakenda í karlasmiðju í árslok 0	12	20	24	
Fjöldi þátttakenda í Grettistaki í árslok	114	96	70	70
Fjöldi þátttakenda í Fjölsmiðjunni	-	55	60	60
Fjöldi þátttakenda í átaksverkefnum atvinnulausra í árslok	283	335	325	329
Húsaleigubætur				
Heildarupphæð	596.213.464	716.550.361	773.370.255	975.434.000
Hlutur Reykjavíkurborgar	335.493.544	429.821.262	464.022.153	585.260.400
Fjöldi heimila	5.259	6.015	6.200	6.400
Sérstakar húsaleigubætur				
Heildarupphæð	0	37.333.854	89.638.913	111.000.000
Fjöldi heimila	0	335	500	600
Leiguíbúðir í eigu Félagsbústaða				
Fjöldi úthlutana	208	209	190	200
Meðalbiðtími í mánuðum	21	21	22	22
Fjöldi á biðlista í árslok	1.022	789	650	650
Fjöldi íbúða	1.547	1.690	1.740	1.790
Þjónustuíbúðir				
Fjöldi úthlutana	74	73	50	50
Meðalbiðtími í mánuðum	20	22	20	20
Fjöldi á biðlista í árslok	358	326	325	325
Fjöldi íbúða	382	385	391	395
Hjúkrunarrými				
Heildarkostnaður - Droplaugarstaðir	395.429.607	441.605.371	436.845.495	540.692.290
Meðalkostn. á notað rými á dag	15.932	17.792	17.601	18.065
Framlag ríkissjóðs á rými á dag	12.732	13.494	13.959	14.480
Fjöldi hjúkrunarrýma	68	68	82	82
Dvalar og hjúkrunarrými				
Heildarkostnaður - Seljahlíð	271.806.778	242.666.272	238.917.831	243.874.635
Meðalkostnaður á notað rými á dag	16.367	17.047	16.784	17.132
Framlag ríkissjóðs á rými á dag á vistdeild5.330	5.562	6.095	4.931	
Framlag ríkissjóðs á rými á dag á hjúkrunardeild	12.137	12.953	13.258	13.923
Fjöldi hjúkrunarrýma	28	28	28	28
Fjöldi vistrýma	14	11	5	1
Fjöldi þjónustuíbúða	36	39	45	49

frh. á næstu síðu

Lykiltölur

Lykiltölur frh.	Árið 2003	Árið 2004	Útkomuspá m.v. 6 mán.stöðu '05	Áætlun 2006
Félagsleg heimaþjónusta				
Heildarkostnaður	3) 548.949.475	609.813.496	589.638.000	594.717.000
Heildarkostnaður kvöld og helgarþjónusta	15.094.813	20.761.230	-	-
Fjöldi notenda með kvöld og helgarþjónustu í árslok	57	59	-	-
Fjöldi vinnustunda	525.495	514.328	480.000	480.000
Meðalkostnaður pr. vinnustund	1.045	1.186	1.228	1.239
Fjöldi heimila	3.599	3.637	3.700	3.700
Meðalkostnaður á heimili	152.528	167.669	159.362	160.734
Meðaltímafjöldi á heimili	146	141	130	130
Meðaltalsfjöldi stöðugilda	247	230	230	230
Hlutfall notenda sem greiðir fyrir heimaþjónustu	88%	90%	93%	93%
Stuðningsþjónusta				
Heildarkostnaður	80.516.866	87.233.564	79.978.025	90.025.000
Fjöldi vinnustunda	42.671	33.615	30.000	32.000
Fjöldi notenda	363	319	285	285
Meðalkostnaður á vinnustund	1.887	2.595	2.666	2.813
Meðaltímafjöldi á notanda	118	105	105	112
Fjöldi á biðlista	294	269	230	230
Félagsleg ráðgjöf				
Fjöldi notenda sem gera samkomulag um fél. ráðgjöf	810	942	950	1.000
Matarþjónusta				
Fjöldi notenda með heimsendan mat	948	848	850	850
Fjöldi heimsendra máltíða	97.849	94.378	95.000	95.000
Meðalframleiðslukostn. á máltíð á Lindargötu	480	490	489	519
Þjónusta við börn				
Fjöldi barnaverndartilkynninga	2.346	3.031	2.400	2.400
Heildarkostnaður vegna bakvaktar	7.458.000	9.259.436	9.729.000	10.140.000
Heildarkostnaður við varanlegt fóstur	47.892.000	48.048.377	50.504.000	54.360.000
Meðalkostnaður á barn í varanlegu fóstri	464.971	453.287	485.615	512.830
Fjöldi barna í varanlegu fóstri	103	106	104	106
Heildarkostnaður við tímabundið fóstur	48.773.000	66.124.870	71.870.467	74.951.000
Meðalkostnaður á barn í tímabundnu fóstri	750.354	734.721	756.531	749.510
Fjöldi barna í tímab. fóstri	65	90	95	100
Heildarkostnaður við sumarúrræði fyrir börn	7.043.952	6.039.932	6.134.000	6.245.000
Meðalkostnaður á barn í sumarúrræði	75.741	75.499	72.165	73.471
Fjöldi barna í sumarrúrræði	93	80	85	85
Heildarkostnaður - Laugarásvegur	57.398.000	71.076.668	68.999.000	75.437.138
Meðalkostnaður á notað rými - Laugarásvegur	8.038.936	13.538.413	11.876.207	12.572.856
Fjöldi barna á Laugarásvegi	38	38	40	40
Fjöldi dvalardaga á Laugarásvegi	2.598	1.918	2.100	2.100
Heildarkostnaður - Ásvallagata	17.491.000	17.961.852	18.655.000	19.315.000
Meðalkostn. á notað rými - Ásvallagata	4.602.895	4.317.753	4.663.750	4.828.750
Heildarkostnaður - Búðagerði	16.327.000	16.774.044	17.429.473	17.885.000
Meðalkostn. á notað rými - Búðagerði	4.485.440	4.558.164	4.710.668	4.833.784

frh. á næstu síðu

Lykiltölur

Lykiltölur frh.	Árið 2003	Árið 2004	Útkomuspá m.v. 6 mán.stöðu '05	Áætlun 2006
Þjónusta við börn frh.				
Heildarkostnaður - Álfaland	53.530.000	61.253.165	65.029.000	65.504.562
Meðalkostn. á notað rými - Álfaland	8.921.667	10.208.861	10.838.167	10.917.427
Fjöldi dvalardaga í Álfalandi	2.155	2.146	2.150	2.150
Heildarkostnaður - Stuðningsfjölskyldur	12.772.000	12.032.933	15.596.000	19.996.000
Fjöldi barna - Stuðningsfjölskyldur	111	106	120	120
Heildarkostnaður - Skammtíamavistun á einkah. 2)	14.596.000	8.688.292	6.189.000	11.974.000
Fjöldi barna - Skammtíamavistun á einkaheimilum 2)	39	52	35	35

Upphæðir eru í krónum og tekjur ekki meðtaldar. Allar upplýsingar eru á ársgrundvelli nema að annað sé tekið fram.

Miðgarður er meðtalinn þar sem við á.

- 1) Dregin hefur verið frá endurgreiðsla ríkisins v/ erlendra ríkisborgara.
- 2) Árin 2004 og 2005 er gert ráð fyrir því að heimilið „Tenging við tilveruna“ verði nýtt sem einkaheimili fyrir unglinga
- 3) Árið 2004 var áætlað kr. 14 millj. í helgar og næturvakt, auk 14,5 millj. Í heimaþjón. í þjón.íb. í Seljahlíð og árið 2005 er áætlað til viðbótar í helgar og næturvakt - kr. 32 millj.

	Velgengnisþættir	Mælikvarði	Viðmið Gult	Útkomuspá 2005	Áætlun 2006
Þjónusta	Þróun velferðarþjónustu	Hlutfall umsækjenda um félagslegt leiguhúsnæði sem fá sérstakar húsaleigubætur	25%-34%	35%	40%
		Hlutfall notenda heimaþjónustu sem fá innlit og stuðning	23%-25%	28%	30%
		Hlutfall umsækjenda um stuðningsþjónustu sem fá þjónustu innan 6 mánaða	*	*	*
	Velferð með þátttöku íbúa	Hlutfall íbúa í sértækum búsetuúrræðum sem gera samkomulag um félagslega ráðgjöf	*	*	*
		Hlutfall nýrra þátttakenda á námskeiðum og í opnum vinnustofum í félagsstarfi	*	*	*
		Hlutfall notenda með fjárhagsaðstoð í 6 mánuði samfellt sem fá viðtal	*	*	*
	Stöðugleiki í uppvexti barna	Hlutfall barna í tímabundnu/ varanlegu fóstri sem fá heimsókn á árinu	85%-89%	87%	90%
		Hlutfall barna sem talað er við í könnun barnaverndarmáls	75%-84%	85%	85%
		Hlutfall þeirra sem uppfylla grein 16 A í reglum um fjárhagsaðstoð og fá aðstoð	55%-64%	58%	65%
Fjármál	Endurhæfing og átaksverkefni	Hlutfall notenda sem fá fjárhagsaðstoð 12 mánuði á ári	9,5%-10%	9,2%	8,8%
		Hlutfall þátttakenda í átaksverkefnum sem eru ekki með fjárhagsaðstoð eftir 12 mánuði	*	*	*
		Fjármagn sem sparast vegna átaksverkefna fyrir atvinnulausa í millj. kr. á ársgrundvelli	*	*	*
		Hlutfall þátttakenda í Kvennasmiðju sem telja námið hafa aukið lífsgæði sín	75%-79%	86%	90%
	Góð nýting og stýring fjármuna	Rekstur óbundinna liða innan skekkjumarka (+/-1%)	*	*	*
		Hlutfall starfseininga sem standast fjárhagsáætlun	*	*	*

* Mælikvarði í þróun

	Velgengnisþættir	Mælikvarði	Viðmið Gult	Útkomuspá 2005	Áætlun 2006
Verklag	Gegnsæ stjórnsýsla	Hlutfall mála sem skotið er til Velferðarráðs og eru afgreidd innan 30 daga	*	*	*
	Áreiðanleg upplýsingamiðlun	Fjöldi kynninga á rannsóknar- og þróunarverkefnum sem Velferðarsvið vinnur að	*	*	*
	Þróun fagvinnu á grundvelli rannsókna	Fjöldi mála sem eru unnin skv. aðferðarfræði fjölskyldusamráðs (FGC)	6 – 8 mál	1	9
Mannauður	Jákvætt starfsumhverfi og starfsánægja	Hlutfall starfsmanna sem telja góðan starfsanda ríkja á eigin vinnustað	*	*	*
		Hlutfall starfsmanna sem telja að upplýsingastreymi til starfsmanna sé gott	*	*	*
	Samvinna og sveigjanleiki	Hlutfall starfsmanna sem hafa farið í starfsmannasamtal á síðastliðnum 12 mánuðum	*	*	*
		Hlutfall starfsmanna sem telja sig geta notið sveigjanleika í starfi til að mæta fjölskylduábyrgð	*	*	*
	Þróun fagvinnu á grundvelli rannsókna	Hlutfall starfsmanna sem telja hæfni sína og þekkingu vel nýttu í starfi	*	*	*
		Hlutfall starfsmanna sem telja sig þekkja stefnu og markmið sviðsins	*	*	*

* Mælikvarði í þróun

Kjörorð*

*Kjörorð eru lýsandi fyrir megináherslur stefnunnar sem má yfirleitt lýsa í þremur til fimm kjörorðum. Setja upp eins og skýring við velgengnisþætti

Velferð fyrir alla

Velferðarsvið er leiðandi í umræðu um velferðarmál og stuðlar að velferð allra borgarbúa. Velferðarsvið leggur áherslu á að vera vakandi fyrir þörfum íbúanna þannig að þeir sem koma að velferðarmálum viti hvar skórinn kreppir. Velferðarsvið hefur frumkvæði að þróun og endurbótum á úrræðum og þjónustu á sviði velferðarmála og leggur áherslu á að tryggja íbúum Reykjavíkurborgar lífsgæði með markvissri stefnu í velferðarmálum. Velferðarsvið vill tryggja velferð borgaranna með samhæfðri og samþættri þjónustu á grundvelli jafnræðis.

Virk samfélagsþátttaka

Velferðarsvið leggur áherslu á að íbúar Reykjavíkurborgar geti verið virkir þátttakendur í samfélaginu svo lengi sem þeim er unnt og að þeir fái þann stuðning sem þeir þurfa til að geta notið sín í samfélaginu. Velferðarsvið leggur áherslu á aukið samráð við íbúa um stefnumótun og aukna þátttöku notenda þegar kemur að þróun þjónustunnar.

Velferðarsvið leggur áherslu á jafnrétti og jafnræði í þjónustunni með virðingu fyrir notendum að leiðarljósi og samvinnu við borgarbúa og hagsmunaaðila.

Jöfn aðstaða barna

Velferðarsvið leggur áherslu á að bæta aðstöðu barna efnalítilla foreldra og barna í áhættuhópum í Reykjavík. Velferðarsvið vill gera börnin sýnilegri í vinnu með fjölskyldur og leggur áherslu á að talað sé við börn til að fá fram þeirra sjónarmið og þarfir.

* Velgengnisþættir eru gagnorðar setningar sem lýsa því sem gera verður vel til að hrinda stefnunni í framkvæmd og framfylgja henni á árangursríkan hátt. Hér er um að ræða þau lykilmarkmið sem best lýsa kjarna stefnunnar.

Velgengnisþættir*

I.

Þjónusta

Þróun velferðarþjónustu

Eitt af meginviðfangsefnum Velferðarsviðs í nýju skipulagi er þróun nýrra þjónustupátta og vinnubragða í velferðarþjónustu og forysta á þessu sviði. Verður það gert með virkri þátttöku í umræðu um velferðarmál og með því að setja á laggirnar margvísleg þróunarverkefni og fylgja þeim eftir með rannsóknum, könnunum og mati. Velferðarsvið mun einnig bera ábyrgð á því að taka við nýjum verkefnum frá ríkinu og fylgja þeim eftir.

Velferð með þátttöku íbúa

Velferðarsvið leggur áherslu á að Reykvíkingar komi í auknum mæli að skilgreiningu, skipulagningu og stefnumótun velferðarþjónustunnar. Þeir verða því hvattir til aukinnar þátttöku, t.d. í þjónustumati, þjónustukönnunum, notendasamráði, rýnihópum, íbúaráðum og með ábendingum um þjónustuna.

Stöðugleiki í uppvexti barna

Velferðarsvið leggur áherslu á stöðugleika í uppvexti barna. Því verður leitað leiða til að tryggja börnum og fjölskyldum þeirra öryggi í húsnæðismálum. Hlusta þarf á sjónarmið barna, með því m.a. að tala við börn í fjölskyldum sem þurfa á fjárhagsaðstoð eða öðrum stuðningi að halda til langs tíma og þróa úrræði og stuðning í samræmi við þær þarfir sem fram koma. Einnig leggur Velferðarsvið áherslu á að gerðar verði kannanir og rannsóknir á mállefnum barna til að unnt verði að bæta aðstæður og auka stöðugleika í lífi þeirra.

Skilgreiningar

II. Fjármál

Endurhæfing og átaksverkefni

Velferðarsvið leggur áherslu á áframhaldandi vinnu með þeim einstaklingum sem hafa verið án atvinnu lengi og þurfa sérstakan stuðning til að fóta sig á atvinnumarkaði. Þau verkefni sem sett hafa verið á laggirnar og stuðla að endurhæfingu, s.s. Kvennasmiðjan og Karlasmíðjan, hafa sannað gildi sitt og mikilvægt er að halda áfram á þeirri braut. Með því fá notendur m.a. betri stjórn á eigin fjármálum og aukin lífsgæði. Áhersla er lögð á að fjárhagslegur ávinningur af verkefnum er mikill, bæði fyrir þátttakendur og samfélagið.

Góð nýting og stýring fjármuna

Velferðarsvið leggur áherslu á markvissa fjármálastjórn. Leitað skal hagkvæmstu leiða með aðhald og skilvirkni að leiðarljósi. Ábyrgð og frumkvæði forstöðumanna skal aukið, sem og skyldur þeirra við gerð fjárhagsáætlunar og í daglegum rekstri. Upplýsingar um rekstur Velferðarsviðs eiga að vera aðgengilegar til að skapa traust, eðlilegt aðhald og eftirlit.

III. Verklag

Gegnsæ stjórnsýsla

Skýrar og gegnsæjar reglur eru mikilvægar til að tryggja réttaröryggi borgaranna. Velferðarsvið leggur áherslu á að veita aðgengilegar og skýrar upplýsingar varðandi réttindi íbúanna. Þjónustan skal vera skilvirk og veitt af virðingu og metnaði.

Áreiðanleg upplýsingamiðlun

Velferðarsvið leggur áherslu á að upplýsingar um þjónustuna séu aðgengilegar og í fjölbreyttu formi til að þjónustan nýtist þeim sem á þurfa að halda. Velferðarsvið vill að íbúar borgarinnar eigi kost á sömu þjónustu óháð búsetu og leggur áherslu á að leita leiða til að tryggja samræmda þjónustu með áreiðanlegri upplýsingamiðlun til íbúa og starfsmanna borgarinnar.

Þróun fagvinnu á grundvelli rannsókna

Velferðarsvið leggur áherslu á mikilvægi rannsókna og tengingu þeirra við menntun og fagvinnu, meðal annars með samstarfi við Háskóla Íslands og aðrar rannsóknar- og menntastofnanir. Einnig er lögð áhersla á þátttöku í fjölþjóðlegu rannsóknarsamstarfi, m.a. með þróun fagvinnu að leiðarljósi.

IV. Mannauður

Jákvætt starfsumhverfi og starfsánægja

Velferðarsvið leggur áherslu á að starfsmenn séu ánægðir í starfi og að vel sé að þeim búið. Lögð er áhersla á mannvirðingu í orði og verki. Vel sé tekið á móti nýjum starfsmönnum og þeir upplýstir um hlutverk sitt, ábyrgð og réttindi.

Samvinna og sveigjanleiki í starfi

Velferðarsvið vill stuðla að trausti og jafnræði í samskiptum milli starfsmanna sinna. Reglur um samskipti, boðleiðir og upplýsingastreymi skulu vera skýrar og aðgengilegar öllum. Velferðarsvið leggur áherslu á að skapa starfsmönnum aðstæður til að samræma starf og einkalíf.

Nýsköpun, þekking og frumkvæði

Velferðarsvið vill stuðla að því að starfsmenn séu hæfir og metnaðarfullir, hafi frumkvæði í störfum, veiti góða þjónustu og geti brugðist við síbreytilegum þörfum íbúa borgarinnar. Lögð er áhersla á að virkja starfsmenn til að móta og bæta starfseminu, bjóða upp á verkefni þar sem hæfileikar hvers og eins fá notið sín og stuðla að því að starfsmenn geti aukið þekkingu sína og starfshæfni.

Starfsáætlun Velferðarsviðs 2006
Ábyrgðarmaður: Lára Björnsdóttir
Umsjón texta: María Rúnarsdóttir
Hönnun: sigruneina@internet.is



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið